

SAMKOMULAG

Garðabær, kt. 570169-6109 annarvegur og Skátafélagið Vífill, kt. 530576-0439 og Hjálparsveit skáta í Garðabæ, kt. 431274-019, hinsvegar gera með sér eftirfarandi samkomulag vegna framkvæmda við endurbætur og viðhald á húsnæði skátafélaganna við Bæjarbraut.

1. Garðabær hefur samþykkt byggingarleyfi vegna viðbyggingar við húsnæði skátafélaganna við Bæjarbraut. Um er að ræða stækkun anddyris um 17 fm í þeim megintilgangi að koma fyrir lyftustokk til að bæta aðgengi fatlaðs fólks.
2. Skátafélögin taka að sér að annast hönnun og allar framkvæmdir vegna viðbyggingarinnar og þar á meðal að kaup og uppsetningu á lyftu sem útekin verður af Vinnueftirliti ríkisins.
3. Kostnaðaráætlun vegna framkvæmdanna liggur fyrir og er heildarfjárhæð samtals kr. 12.700.000. Nánari sundurliðun er kemur fram á fylgiskjali nr. 1.
4. Garðabær mun greiða skátafélögun sérstakt framlag að fjárhæð kr. 12.500.000 til að mæta kostnaði við framkvæmdina ásamt kostnaði við nauðsynlegt viðhald húsnæðisins sem þegar er lokið við. Nánari sundurliðun viðhaldskostnaðar kemur fram á fylgiskjali nr. 2.
5. Framlagið verður greitt miðað við framgang verksins og aldrei verður greidd hærri fjárhæð en sem nemur heildarkostnaði við verkið.
6. Samkomulag þetta var samþykkt á fundi bæjarráðs Garðabæjar xx.xx.xxxx.
7. Ofanrituðu til staðfestu undirrita aðilar samkomulag þetta.

Garðabæ, júní 2016

F.h. Skátafélagsins Vífils

F.h. Garðabæjar

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

F.h. Hjálparsveitar skáta í Garðabæ